



## Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 52. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á Sel  
Hótel Mývatnssveit,  
28. maí 2018, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Óli Halldórsson formaður, Böðvar Pétursson varaformaður, Hjördís Finnbogadóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson fulltrúi útivistarféлага, Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir þjóðgarðsvörður.

### Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Ásmundur Ævar Þormóðsson fulltrúi Þingeyjarsveitar boðaði forföll og Margrét Bjarnadóttir varamaður hans sömuleiðis. Arnheiður Jóhannsdóttir fulltrúi ferðaþjónustu boðaði forföll með skömmum fyrirvara.

#### 1. Rekstur norðursvæðis 2018 - 1805019

*Þjóðgarðsverðir kynntu fyrir svæðisráði stöðu mála með tilliti til rekstrarramma svæðisins. Rekstrartölur fyrstu fjögurra mánaða ársins eru umtalsvert lægri en fyrir sama tímabil í fyrra, þrátt fyrir umtalsverða útgjaldaaukningu vegna SALEK-samkomulagsins. Starfið í sumar verður með svipuðum hætti og í fyrra, en þó hafa orðið ákveðnar skipulagsbreytingar sem eiga að leiða til hagræðingar án þess að það komi niður á starfseminni. Þrátt fyrir það er útlit fyrir að ekki takist að halda úti landvörslu við Dettifoss í nóvember og desember, en reynsla síðustu ára hefur sýnt að það er bæði brýnt náttúruverndar- og öryggismál. Jafnframt bendir allt til þess að landvarsla í Ásbyrgi muni leggjast af í lok september með tilheyrandi þjónustuskerðingu.*

*Á 118. fundi stjórnar VJP var samþykkt skipting 78 m.kr. viðbótarfjár úr innviðasjóði í sama hlutfalli og við úthlutun viðbótarfjár síðasta árs. Þar með komu nú 10 m.kr. í hlut norðursvæðis. Ekki liggja fyrir gögn um rekstraráætlun og -niðurstöðu 2017 og rekstraráætlun 2018 skipt eftir svæðum. Vísbendingar eru þó um að þar halli umtalsvert á norðursvæði í samanburði við önnur svæði.*

*Svæðisráð norðursvæðis lýsir yfir vonbrigðum með skiptingu viðbótarfjár til landvörslu. Fyrir liggur að skiptingin er ekki í samræmi við tillögu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og úthlutunin til norðursvæðis lægri en þar er lagt til. Svæðisráð fer þess á leit við stjórn að umrædd ákvörðun verði endurskoðuð á næsta fundi stjórnar.*

#### 2. Gjaldtaka í Ásbyrgi - 1805020

*Á 118.fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að undirbúa gögn vegna útboða á greiðsluvélum og eftirlitskerfi til fimm ára fyrir Ásbyrgi. Svæðisráð norðursvæðis hefur áður bókað um vilja til mótnar heildrænnar stefnu um gjaldtöku innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Áður en gjaldtaka hefst, þarf útfærslan að vera vel ígrunduð, kynnt með góðum fyrirvara og tryggilega útfærð með tilliti til tæknilegra útfærslna.*

*Svæðisráð bendir á nauðsyn þess að útfærsla gjaldtöku í Ásbyrgi verði unnin í samráði við þjóðgarðsvörð og svæðisráð. Þá vekur svæðisráð athygli á því að bílastæði við Gljúfrastofu er utan þjóðgarðsmarka.*

### **3. Virkjun Drekgili - 1711002**

*Þjóðgarðsvörður á hálendi kynnti tillögur að deiliskipulagi smávirksunar við Drekgil, sem Neyðarlínan ohf. hefur látið vinna vegna rafmagnsöflunar fyrir fjarskiptasenda á Vaðöldu. Skipulagsvinnan hefur verið unnin í samráði við þjóðgarðsvörð. Deiliskipulagstillagan er í umsagnarferli hjá Skútustaðahreppi til og með 7.júní n.k.*

*Neyðarlínan vinnur að samningsgerð við forsætisráðuneytið vegna vatnsréttinda.*

*Þjóðgarðsvörður hefur lagt drög að fundi vegna samningsgerð um skiptingu raforku milli notenda.*

*Svæðisráð lýsir ánægju með það sem virðist ætla að verða farsæl lausn málsins.*

### **4. Dettifoss salernismál - 1805017**

*Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum kynnti salernislausnir sem unnið er að við Dettifoss að vestan. Svæðisráð telur núverandi ástand með öllu óviðunandi og ítrekar mikilvægi þess að málinu verði lokið hið fyrsta.*

### **5. Leigusamningur við Ástjörn - 1805018**

*Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum kynnti athugasemdir Sumarbúðanna Ástjörn við nýjan leigusamning um lóð við Ástjörn. Svæðisráð leggur til að gerður verði 5 ára samningur með möguleika á endurnýjun og felur þjóðgarðsverði að ganga frá samningnum í samræmi við umræður á fundinum.*

### **6. Stjórn- og verndaráætlun - 1709012**

*Á síðasta stjórnarfundum var farið yfir athugasemdir sem borist hafa við ákvæði nýrrar Stjórnunar- og verndaráætlunar og annmarka sem stjórn telur hafa verið á kynningu til hagsmunaaðila utan svæðisráða. Sökum þess ákvað stjórn að endurtaka kynningar- og samráðsferlið. Áður en það ferli hefst verður unnið úr núverandi athugasemdum og þær teknar fyrir í hlutaðeigandi svæðisráðum. Svæðisráð norðursvæðis mun fara yfir þær athugasemdir sem kunna að berast varðandi svæðið og leggja til viðbætur ef ástæða þykir til.*

Fundi slitið kl. 12:55.

---